

T e k j u r :

I. Frá happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkvæmt skilagrein happdrættisins: 40% af ágóða 1. maí 1966—30. apríl 1967	kr. 2 509 587.62
II. Vextir frá Tryggingastofnun ríkisins	— 328 178.80
	<hr/>
	Kr. 2 837 766.52

Reykjavík, 1. júlí 1968.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Byggingarsjóðs aldraðs fólks 31. desember 1967.

Eignir :

I. Sjóður	kr. 4 876 559.72
II. Inneign hjá happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkvæmt skilagrein	— 2 509 587.62
	<hr/>
	Kr. 7 386 147.34

Skuldir :

I. Höfuðstóll:	
1. Frá fyrra ári	kr. 4 548 380.92
2. Viðbót á árinu	— 2 837 766.42
	<hr/>
	kr. 7 386 147.34
	<hr/>
	Kr. 7 386 147.34

Reykjavík, 1. júlí 1968.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

19. febrúar 1969.

Nr. 37.

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu, eru bannaðar veiðar til 30. apríl 1969 í Faxaflóa á svæði, sem takmarkast af línunum, sem hugsast dregnar milli eftirgreindra punkta:

Punktur 1.	64°28' n.br., 23°57' v.lg.
— 2.	64°27' n.br., 24°43' v.lg.
— 3.	64°18' n.br., 24°43' v.lg.
— 4.	64°18' n.br., 24°23' v.lg.

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1969 í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki falla undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegmálaráðuneytið, 19. febrúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um afhendingu aðflutningsskjala til tollmeðferðar

1. gr.

Viðtakendur innfluttrar vöru, skulu afhenda tollstjóra þess umdæmis, sem varan er geymd í, eða umboðsmanni hans, fullgild aðflutningsskjöl um vöruna sbr. 19. og 20. gr. tollskrárlaga nr. 63/1968, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá innflutningi hennar.

Fullgild teljast aðflutningsskjölin því aðeins, að þau séu úr garði gerð eins og krafizt er til þess að fullnaðartollaafgreiðslu hinnar innfluttu vöru megi fara fram, að öðru leyti en því, að skjölin teljast fullnægjandi, þó bankaáritun um greiðslu vanti, enda verði því atriði fullnægt áður en endanlegt tolluppgjör fer fram.

2. gr.

Hafi innflytjandi eigi skilað aðflutningsskjölum um vöru innan þess frests, sem ákveðinn er í 1. gr., skal hann greiða kr. 100.00 í dagsektir, þar til ákvæðum 1. gr. er fullnægt. Dagsektirnar greiðast með aðflutningsgjöldum um leið og tollaafgreiðsla fer fram.

Þá má og tollstjóri stöðva tollaafgreiðslu á öðrum vörum til sama innflytjanda, þar til hann hefur lagt fram hin tilskildu aðflutningsskjöl.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru, sem sett hefur verið í tollvörugeymslu skv. lögum nr. 47 frá 1960 áður en þrír mánuðir eru liðnir frá innflutningi hennar.

4. gr.

Sé svo ástatt sem segir í 22. gr. tollskrárlaga nr. 63 frá 1968 og innflytjandi hefur innan þriggja mánaða frá innflutningi vöru fengið hana tollaafgreidda gegn